

UMBÓTAAÆTLUN VEGNA YTRA MATS

LOKASKÝRSLA JÚNÍ 2022

MAT FÓR FRAM Á VORÖNN 2017 OG UMBÓTAAÆTLUN VAR SKILAÐ Í NÓVEMBER 2017

INNANGUR

Vorið 2017 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Hörðuvallaskóla fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Matsaðilar voru í skólanum í fimm daga, 24-28. apríl 2017 og skoðuðu 45 kennslustundir, tóku rýnihópaviðtöl við nemendur, foreldra, kennara, aðra starfsmenn og fulltrúa úr skólaráði. Einstaklingsviðtal var tekið við skólastjóra og sameiginlegt viðtal við aðra stjórnendur. Önnur gögn sem voru skoðuð voru m.a. skólanámskrá, starfsáætlun og heimasíða skólans. Því sem skoðað var var skipt í 4 flokka stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skóli án aðgreiningar en síðastnefndi þátturinn var skoðaður að ósk skólans sjálfs.

Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í júní 2017 en kynntar starfsfólki í ágúst 2017. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans, www.horduvallaskoli.is

Í skýrslunni komu fram margir styrkleikar í skólastarfinu en þar eru líka bent á ýmis tækifæri til úrbóta. Í eftirfarandi umbótaáætlun er brugðist við þeim ábendingum og settar fram tillögur til úrbóta. Í nokkrum tilfellum hefur þegar verið bætt úr en öðrum er forgangsraðað og gert ráð fyrir að taki allt að þremur árum að bregðast við þeim, enda um mjög misjafnlega stór og tímafrek viðfangsefni að ræða. Vinna við umbótaáætlunina hefur að mestu verið framkvæmd af stjórnendum skólans en hún kynnt starfsfólki, skólaráði og Menntasviði Kópavogsbæjar.

Fyrir hönd Hörðuvallaskóla vil ég þakka gott samstarf við úttektaraðila og fyrir þær ábendingar sem komu út úr matinu. Þær eru kærkomnar og munu nýtast við þróun skólastarfsins á næstu árum.

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Hörðuvallaskóla

Þessi skýrsla er gerð með þeim hætti að dálki frá vori 2022 er bætt aftan við 2021 dálkinn og stöðu hvers verkefnis lýst. Eins og fram kemur hefur mörgum þáttum verið lokið, aðrir eru og verða í stöðugri þróun.

Svið 1 - STJÓRNUN

Matspáttur	Tækifæri til umbóta/ Tillögur að umbótum	Ábyrgðar-aðilar	Upphaf/lok	Hvernig metið	Staðan vorið 2018	Staðan vorið 2019	Staðan vorið 2020	Staðan vorið 2021	Staðan vorið 2022
Fagleg forysta	Gera einkunnarorð skólans sýnilegri í starfsemi skólans og fjalla um gildi þeirra í skólanámskrá. Á vorönn 2017 var unninn kafli í skólanámskrá þar sem einkunnarorð skólans voru útfærð nánar í samstarfi foreldra og starfsfólks. Til að gera einkunnarorðin sýnilegri verður unnið með þau á þemadögum og afurðir notaðar til að gera þau sýnileg í skólanum.	Skólasjórn	Vor 2017/ Haust 2018	Matsteymi skoðar á haustönn 2018. Kafli í skólanámskrá metinn og hvort einkunnarorðin séu sýnileg í skólanum. Einnig spurningar í starfsmanna- og foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem spurt er um þekkingu á stefnu skólans.	Ákveðið að hafa árlega, í upphafi skólaárs, vinnu við að fjalla um og vinna með einkunnarorðin. Önnur vinna þessu tengd verður unnin á haustönn 2018 eins og til stóð.	Í könnun sem framkvæmd var vorið 2019 kemur fram að fáir hafa unnið með einkunnarorð skólans með nemendum. Leitað verður leiða til að vinna með einkunnarorðin svo þau verði sýnilegri í skólastarfinu.	Gerð voru veggspjöld haustið 2019 og hengd upp í stofum, á göngum og öðrum viðeigandi stofum.	Unnið að hugmyndum um fleiri veggspjöld. Nemendur unnu með einkunnarorðin á haustdögum.	Lokið
	Að stjórnendur fylgist markvisst með kennslu og veiti kennurum endurgjöf. Stjórnendur skipta kennurum á milli	Stjórnendur	Okt 2017 / Júní 2018	Lögð könnun fyrir kennara að vori 2018 um hvernig þetta kom út og hvernig má betrubæta.	Stjórnendur fóru inn í kennslustofur í heimsóknir til kennara.	Stjórnendur fóru í heimsóknir í kennslustofur með ákveðið eyðublað í huga sem	Stjórnendur fóru í kennslustofur, aðeins minna en skólaárið á	Stjórnendur fóru í kennslustundir hjá öllum kennurum á yfirstandi skólaári og	Verður eðlilegur þáttur í skólastarfinu lýkur aldrei.

	sín með ákv. hætti og fylgjast með "sín umsjónarkennurum" í kennslu og veita faglega endurgjöf. Vinna hafin frá hausti 2017.			Matsteymi metur niðurstöður ásamt spurningum í Skólapúlsi þar sem spurt er um "mat og endurgjöf" frá stjórnendum.	(Einstaka kennarar fengu ekki heimsókn og þarf að tryggja að það endurtaki sig ekki). Upplýsing a-söfnun um þennan þátt fór fram með Skólapúls-spurningu m sem lagðar voru fyrir kennara á vorönn 2018.	kennarar sendu til stjórnenda áður en að heimsókn kom. Endurgjöf gefin í lok heimsókna.	undan vegna skerts skólastarfs. Verður eðlilegur þáttur í skólastarfinu lýkur aldrei.	veittu endurgjöf að þeim heimsóknum loknum. Verður eðlilegur þáttur í skólastarfinu lýkur aldrei.	
	Gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn./ Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er tilbúin. Unnið verður eftir henni skólaárið 2017-2018.	Skólas tjóri	Ágúst 2017/ Sept 2018	Metið að vori 2018, á fundi með nýliðum skólaársins 2017-2018 hvort, betrubæta þarf áætlunina. Brugðist við því mati fyrir næsta skólaár.	Móttökuá ætlun hefur verið unnin og virkjuð. Verður endurskoð uð haustið 2018.	Nánast sama móttökuáætlun notuð aftur.	Móttökuá ætlun nýtt og lítill bæklingur fyrir nýliða saminn og notkun á honum hófst vorið 2020. Lokið.	Móttökuáætlun kennara má sjá hér hún var uppfærð á yfirstandandi skólaári. Kynningu fyrir nýja starfsmenn má sjá hér Gátlisti fyrir nýja almenna	Verður eðlilegur þáttur í skólastarfinu lýkur aldrei.

								starfsmenn má sjá hér.	
	Huga að því að verktakar og aðrir sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir trúnað og þagnarskyldu Þessa er gætt í hvívetna og er hnykkt á í móttökuáætlun.	Skólas tjóri	Lýkur aldrei	Er tryggt ef farið er eftir gátlista móttökuáætlun r.	Eyðublað tilbúið og notað.	Notkun eyðublaðs framhaldið.	Notkun eyðublaðs framhaldið. Lokið.	Notkun eyðublaðs framhaldið. Lokið.	Lokið.
	Gera heildstæða símenntunaráætlun þar sem fram koma ábyrgðaraðilar hvers þáttar og hvernig einstaklingar (allir starfsmenn) sækja sér símenntun. Hafin er vinna við símenntunaráætlun. Hún verður kynnt og henni fylgt eftir þegar þeirri vinnu er lokið.	Skólas tjóri og aðstoðar-skól astjóri eldra stigs	Haut 2017/ Maí 2018	Símenntunaráætlun skal metin árlega og uppfærð sem hliðsjón af þarfagreiningu sem fyrir liggur eftir árleg starfsmanna-samtöl.	Fyrirkomulag á starfspróunaráætlun var kynnt á kennarafundi 28.02. 2018. Hæfni sem kennarar sem starfa við Hörðuvalla skóla þurfa að búa yfir skilgreind og þeir beðnir um að meta	Símenntunaráætlun verður kynnt í ágúst 2019, er hluti af innramatsáætlun skólans sem er í vinnslu.	Unnið var með þætti sem fram komu á símenntunaráætlun, þeim haldið á lofti og þeir metnir í júní 2020. Vinnu verður framhaldið.	Unnið var með þætti sem fram komu á símenntunaráætlun, þeim haldið á lofti og þeir metnir í júní 2021. Þessi vinna fer fram árlega.	Þessi vinna fer fram árlega og er orðin hluti af skólastarfinu.

					stöðu sína og skv. ákveðnum lista. Símenntun aráætlun skólaársins 2018-2019 unnin út frá þeim lista.				
	Setja í stefnu skólans að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð og tengja m.a. grunnþáttum menntunar í skólastarfinu. Lýðræðisáherslur eru sýnilegar í stefnu skólans frá vori 2017, bæði hvað varðar nemendur og starfsmenn. Hnykkir verður á tengingu við grunnþætti í inngangi að stefnunni.	Skólas tjóri	Vor 2017/ Maí 2018	Metið af matsteymi skólans í lok skólaárs vorið 2018. Hafðar til hliðsjónar niðurstöður úr viðeigandi spurningum úr nemendakönnun Skólapúlsins	Matsteymi á eftir að meta.	Matsteymi á eftir að meta	Matsteymi hefur ekki verið komið á. Á áætlun er að ákveðinn hópur taki þetta að sér næsta skólaár og var það kynnt á fundi í maí 2020.	Matsteymi varðandi þennan þátt hefur ekki verið komið á meðal starfsmanna en unnið er að því. Sett hafa verið á fót hugmyndaráð nemendanda á öllum aldurstigum og unnið að endurbótum í skólastarfinu út frá þeim þáttum sem fram koma hjá þessum hópum.	Matsteymi meðal starfsmanna hefur verið skipað og hefur störf frá og með hausti 2022. Hugmynda- og nemendaráð auk skólaping er orðið hluti af skólastarfinu og taka allir nemendur þátt frá í 1.-10. bekk.

	Huga að því að fjölga almennum starfsmannafundum og hafa þá reglulega yfir skólaárið. Fundaplan útbúið fyrir veturinn og kynnt starfsmönnum. Hefur þegar verið framkvæmt.	Skólas tjóri og aðstoðar- skól astjóra r	Sept. 2017/ Sept. 2017	Matsfundur í lok skólaárs vorið 2018 þar sem gagnsemi fundanna er metin.	Vikulegir fundir voru haldnir, annars vegar með skólaliðum og hins vegar með stuðningsf ulltrúum. Fundir skipulagðir fyrirfram.	Haldið var áfram með vikulega fundi skólaliða annars vegar og stuðningsfulltrúa hinsvegar.	Haldið var áfram að funda vikulega með almennum starfsmönnum. Kom rof í það vegna skerts skólastarfs . Lokið – verður framhaldið.	Haldið áfram að funda vikulega með almennum starfsmönnum auk þess sem starfsmannaf undir fyrir alla starfsmenn hafa verið 3 á hvorri önn skólaárið 20-21.	Starfsmannafundir eru einu sinni í viku og eru orðinn fastur liður í starfi skólans.
Stefnu mótun og skipula g	Vinna þá kafla sem vantar í skólanámskrá til að uppfylla viðmið aðalnámskrár, þ.m.t. námsvísa fyrir allar námsgreinar í öllum árgöngum og gera grunnþáttum menntunar skil. Kallað verður eftir þeim námssviðum sem vantar í skólanámskrá og unnið með þau	Skóla- stjóri og aðrir stjórn- endur skólan s.	Haust 2017/ Maí 2018	Yfirfarið vorið 2018 út frá námssviðum aðalnámskrár.	Tveir starfsdagar voru nýttir til þessarar vinnu. Annars vegar var haldið áfram að kalla inn miðað við það form sem áður hefur verið notað. Á starfsdegi að vori	Langflestar greinar tilbúnar, vantar náttúrufræði og hluta stærðfræði. Námsvísar einungis sýnilegir inni á Mentor en unnið að því að endurhugsa þá.	Náttúrufræði-kennarar hafa ekki náð að ljúka skólanámskrár-vinnunni. Stærðfræðin er langt komin.	Í lok skólaárs og við upphaf næsta skólaárs verður skólanámskráin endurskoðuð í heild og endurunnin út frá hæfniviðmiðum, áherslupáttum, leiðsagnarmati og	Skólanámskrá vinna hefur farið fram á skólaárinu og mun námskráin birtast á heimasíðu skólans í ágúst 2022. Lokið Fylgir vinnu við skólanámskrá sem fer á heimasíðu í ágúst 2022. Lokið

	sem komin eru til að tryggja að í þeim séu viðmið aðalámskrár uppfyllt og tenging við grunnþætti ljós. Kennarar vinna að útfærslu námssviða með aðstoð aðstoðarskólastjór a elsta stigs.				unnu hópar með námssvið miðað við nýja útfærslu á skólanáms krá sem unnið verður með framvegis. Tekin eru skýrari mið af hæfniviðmi ðum aðalnámsk rár.			viðmiðum um árangur Í vinnslu	
	Uppfæra starfsáætlun árlega með þátttöku starfsfólks skólans Árlega er starfsáætlun uppfærð, að hluta til með þátttöku starfsfólks skólans	Skólas tjóri	Árlegt	Lýkur aldrei	Farið var yfir starfsáætl un skólaársin s 2017-2018 á starfsman nafundi. Starsáætlun skólaársin s 2018-2019 er í vinnslu.	Starsáætlun skólaársins 2018-2019 liggur fyrir og var yfirfarin á kennarafundi vor 2019. Starsáætlun 2019-2020 er í vinnslu.	Starfsáætl un 2020-2021 er í vinnslu. Alltaf í vinnslu, hluti af skólastarfi .	Starfsáætlun 2021-2022 er í vinnslu. Alltaf í vinnslu, hluti af skólastarfi.	Er orðin hluti af skólastarfinu og birtist einu sinni á ári á heimasíðu skólans.Unnin í september ár hvert. Alltaf í vinnslu, hluti af skólastarfi.

	Huga að því að árgangar eigi enn meiri sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu. Verður skoðað við næstu stundatöflugerð hvort þetta er mögulegt.	Skólas tjóri og aðstoð arskóla stj	. Vorönn 2018/ Júní 2018	Metið af skólastjórnend- um með talningu	Er í vinnslu	Fastir vikulegir teymisfundir voru settir inn á töflu allra kennarateym a.	Fastir vikulegir teymisfundir irartímar voru festir niður inna nvinnuram ma. Fagfundu m var bætt við fyrir teymin einu sinni í viku til viðbótar. Mjög markvisst unnið að því við stundatöflu gerð að samræma tíma innan teyma og árgangs.	Haldið áfram á sömu braut.	Lokið. Haldið áfram á sömu braut.
	Vinna að því að manna öll forföll á unglingastigi. Lagt kapp á að gera þetta og	Aðstoð ar-skól astjóri og deildar stjóri	Haust 2017/ Lýkur aldrei	Haldin skrá um tíma sem eru dekkaðir með forfallakennara móti þeim sem fella þarf niður. Skoðað í lok	Ritari hélt skrá um þetta og dró verulega úr niðurfelling	Haldið áfram á sömu braut	Haldið áfram á sömu braut	Haldið áfram á sömu braut.	Lokið. Haldið áfram á sömu braut.

	dregið úr því að nemendur missi tíma vegna forfalla kennara. Breytt skipulag á unglingastigi frá hausti 2017 gerir auðveldara að leysa forföll.	unglinga-stigs		hvers mánaðar hvort við erum á réttri leið.	u tíma hjá nemendum vegna forfalla. Haldið verður áfram á sömu braut.				
Verklagsreglur og áætlanir	Endurskoða skólareglur og gera þær sýnilegar í kennslurýmum. Þessi vinna verður sett af stað á haustönn 2017, rætt á skólapingum nemenda og á starfsmannafundum. Endurskoðuðum	Stjórnendur	Nóv 2017/ Lokið í janúar 2018	Metið af matsteymi skólans vorið 2018	Skólareglur voru endurskoðaðar með aðkomu nemenda, starfsfólks og foreldra. Nýjar reglur liggja fyrir, samþykktar	Rætt um mikilvægi þess að vinna með skólareglur og unnið með þær eina viku með nemendum að hausti. Kennsluráðgjafi setti reglurnar upp	Skólareglur sýnilegar í stofum og á göngum. Lokið	Skólareglur sýnilegar í stofum og á göngum. Tekið upp á hverju ári	Skólareglur sýnilegar í stofum og á göngum. Unnið með árlega. Lýkur aldrei.

	reglum komið fyrir á áberandi stað í kennslurýmum að því loknu.				r af skólaráði og á kennarafundi. Verður unnið með þær haustið 2018 um leið og einkunnar orð skólans.	sjónrænt og kennarar gátu nýtt sér það við umfjöllun um þær.			
	Gera árlega heildaráætlun um sérkennslu og aðra stoðþjónustu. Vinnu við þessa áætlun verður lokið í nóvember 2017 og hún þá kynnt aðilum skólasamfélagsins.	Skólas tjóri	Sept 2017/ Nóv 2017	Metið af matsteymi skólans vorið 2018	Áætlun næsta skólaárs er í undirbúningi. Vinna við ýmsar breytingar á skipulagi þessu tengdu eru í ferli.	Nýju skipulagi verður hrint í framkvæmd haustið 2019. Stoðþjónusta við nemendur með námsvanda eflid og einnig við nemendur með hegðunar- og tilfinnavanda.	Áætlun er í góðu horfi en þetta er verkefni sem er í stöðugri þróun. Verður áfram í þróun.	Komið gott skipulag á þessa vinnu en hún er í sífelldri þróun og verður áfram.	Er orðinn eðlilegur þáttur í skólastarfinu. Lýkur aldrei.
	Vinna að heildstæðri forvarnaráætlun sem m.a. fjallar um forvarnir gegn vímu- og fíkniefnum. Kafli verður skrifaður og birtur í	Skólas tjóri / námsr áð-gjaf ar	Haust-ön n 2018/ Ágúst 2018	Metið af matsteymi skólans vorið 2019	Vinna hefst haust 2018 eins og stefnt er að.	Er í vinnslu	Ólokið	Forvarnarhópur hefur verið stofnaður þar sem sitja fulltrúar nemenda, foreldra, félagsmiðstöðvar,	Áframhaldandi vinna í forvarnarteymi skólans. Unnið eftir forvarnaráætlun í vetur. Áætlun endurskoðuð árlega með forvarnarteymi. Er orðinn hlut af

	skólanámskrá þegar hann liggur fyrir í ágúst 2018. Unnið í samstarfi námsráðgjafa og forstöðumanns félagsmiðstöðvar í samráði við forvarnarfulltrúa bæjarins.							heilsugæslu og skóla. Forvarnaráætlan hefur verið unnin en hún er síðan í sífelldri þróun og endurskoðun eftir því sem á þarf að halda.	skólastarfinu og lýkur aldrei.
	Skrá í skólanámskrá hvernig samskipti eru við framhaldsskóla, tónlistarskóla og aðra aðila í grenndarsamfélaginu. Kafli skrifaður og birtur í starfsáætlun í september 2017	Aðstoðarskóla stjórnar	Sept. 2017/ Sept. 2017	Metið við endurskoðun starfsáætlunar haustið 2018.	Lokið.	Lokið	Lokið	Lokið en endurskoðað eftir þörfum.	Lokið en endurskoðað eftir þörfum.

Samskipti heimila og skóla	Kjósa alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti og til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um. Þessu verður framfylgt frá og með hausti 2017	Skólas tjóri	Sept 2017/ Sept 2018	Lokið. Mótað ferli er nú fyrir hendi sem lýst verður í starfsáætlun haustið 2018	Lokið.	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið
	Hvetja foreldrafélag til að birta fundargerðir sínar. Foreldrafélag hefur verið hvatt til þessa	Skólas tjóri	Septemb er 2017/ Vor 2018	Með því að skoða hvort fundargerðir verða birtar	Fundargerðir hafa verið birtar.	Lokið	Lokið	Minnt er á þetta reglulega	Lokið
	Samræma upplýsingagjöf á Mentor til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi og framförum barna sinna. Þarf að kortleggja hvernig þessari	Deilda stjórar stiga	Haust 2018/ Vor 2020	Metið af matsteymi í lok skólaárs 2019-2020	Ekki hafið.	Lögð áhersla á að nýta Mentor við upplýsingagjöf til foreldra. Virðist enn vera misbrestur á að upplýsingar	Unnið markvisst á haustönn á fundum með teymum. Ákveðnar kröfur um uppsetningu settar	Unnið áfram á sömu nótum og fylgst með nýjungum á Mentor um hvort hægt sé að hafa upplýsingagjöf	Útbúið kennslumyndband fyrir foreldra með upplýsingum um Mentor og Google classroom. Er aðgengilegt á heimasíðu skólans. Lokið.

	upplýsingagjöf er háttáð til að vita hvað þarf að samræma og hvað má vera ólíkt. Skoða þarf google classroom í samhengi við þetta.					séu skýrar og samræmdar. Nemendur hafa bent á góðar fyrirmyndir sem þarf að skoða og nýta til að samræma eftir.	fram og lögð áhersla á rauðan þráð milli aðalnámskrár, skólanámskrár, kennsluáætla og þess sem gerist í kennslustundum. Vinna mun halda áfram.	aðgengilegri og gegnsærri.	

Svið 2 – NÁM OG KENNSLA

Matspáttur	Tækifæri til umbóta/ Tillögur að umbótum	Ábyrgðar- aðilar	Upphaf/Lok	Hvernig metið	Staða vorið 2018	Staða vorið 2019	Staðan vorið 2020	Staðan vorið 2021	Staðan vorið 2022
Nám og	Klára að vinna námsgreinahluta skólanámskrár í samræmi við aðalnámskrá og				Er í vinnslu.	Langt komið, örlítið eftir enn.	Enn eru tvær greinar sem standa út af að hluta. Vinnu	Heildarendur -skoðun námsgreinahluta er hafin og unnið að	Skólanámskrá vinna hefur farið fram á skólaárinu og mun námskráin birtast á

náms aðst æður	birta á heimasíðu. Sjá sama atriði undir stefnumótum og skipulag í kaflanum Stjórnun.						verður haldið áfram. Ólokið	henni í lok skólaárs og byrjun næsta. Stefnt að því að hún verði aðgengileg á heimasíðu í september 2021	heimasíðu skólans í ágúst 2022. Lokið
	Kynna árganganámskrár vel fyrir nemendum og foreldrum svo þeir verði virkir í námi nemenda. Árganganámskrár eru birtar á heimasíðu skólans og viðmið sem unnið er með birtast í Mentor. Kennarar kynna þetta fyrir nemendum og foreldrum.	Deildastjórar stiga	Haust 2018/ Lýkur aldrei	Metið árlega af matsteymi skólans og skólaráði hvernig til tekst.	Hefur ekki verið metið.	Hefur ekki verið metið. Breytingar á árganganám-skrár í vinnslu.	Við þurfum að vinna þennan þátt enn betur. Enn örlar á því að foreldrum finnst erfitt að skilja hvernig námið er byggt upp. Vinna heldur áfram.	Vinna að þessum þætti heldur áfram. Fyrirhugð viðamikil kynning þegar endurskoðuð skólanámskrá á liggur fyrir.	Kynningarfundir fyrir foreldra í september 2022 á nýrri skólanámskrá. Lokið eftir það.
	Leita leiða í námi og kennslu á unglingastigi til að efla árangur og framfarir nemenda í	Skólastjóri, aðstoðar-skólastjóri og deildarstjó	Ágúst 2017/ Vor 2019	Metið út frá stöðu núv 8.bekkar 2017-2019, markmiðið að þau haldi	Fjórir fræðslufundir haldnir fyrir kennara, sýn mótuð í	Fulltrúar nemenda á unglingastigi hittu kennsluráðgjafa og fóru yfir	Meðvitund nemenda um hæfniviðmið hefur aukist. Lögð var áhersla á að	Meðvitund nemenda um hæfniviðmið hefur aukist. Lögð var áhersla á að	Vinna með hæfniviðmið og viðmið um árangur er orðinn fastur liður í skólastarfinu. Lokið.

	samræmdum könnunarprófum. Hafin er vinna við þetta. Styrkur fékkst úr Sprotasjóði til að vinna þennan þátt skólaárið 2017-2018. Breytt skipulag sem miðar að því að efla sjálfstæði nemenda og auka ábyrgð þeirra á námi sínu.	ri á unglingastigi		stöðu sinni miðað við jafnaldra á landsvísu á samræmdum prófum vorið 2019 miðað við frammistöðu í 7. bekk	samstarfi við kennara, breytt kennslufyrir komulag með það að markmiði að auka sjálfstæði og ábyrgð nemenda á námi sínu. Haldið áfram að vinna með þetta. Kennsluráðgjafi ráðinn fyrir næsta skólaár.	hæfniviðmið allra námsgreina. Þau kynntu niðurstöður sínar og óskir fyrir faggreinakennurum og í einhverjum tilvikum er byrjað að koma til móts við óskir nemenda.	markmið kennstustunda og verkefna væru skýr og vinna við viðmið um árangur hafin. Gögnin úr samræmdum prófum voru ólík og því erfitt að bera þau saman svo marktækt væri talið.	markmið kennstustunda og verkefna væru skýr og vinna við viðmið um árangur hafin. Gögnin úr samræmdum prófum voru ólík og því erfitt að bera þau saman svo marktækt væri talið.	Samræmdu prófin eru í endurskoðun hjá MMS.
	Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.	Skólastjóri og aðstoðar-	Haut 2017/ Vor 2020	Matsteymi metur stöðu vinnunnar í lok hvers skólaárs.	Vinna hafin.	Matskvarðar hafa verið birtir í skólanámskrá.	Lokið	Þessi þáttur verður endurskoðaður og gerður enn sýnilegri	Skólanámskrárvinnu er að ljúka og birtist á heimasíðu skólans í ágúst 2022. Lokið.

	Þetta tengist vinnu við að uppfæra námssviðin í skólanámskrá og verður unnið um leið og námssviðin verða uppfærð.	skólastjórar		Metið með hliðsjón af námsárangri og ánægju foreldra með upplýsingar varðandi nám og námsmat skv. könnunum.		Önnur vinna er í ferli. Í könnun meðal kennara að vori 2019 sést að við erum að mjakast í átt að því að fleiri kennarar hafi viðmið um árangur verkefna/kennslu-stunda ljós.		Í skólanámskrá á sem nú er unnið að .	
	Huga að því að nemendur á öllum stigum hafi val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar hluta námstímans. Er að hluta til hafið á unglingastigi. Sett verður fram áætlun í innra mati til að meta hvernig þetta er gert nú og hvernig má bæta úr, bæði á unglingastigi og á öðrum stigum. Sett verða upp viðmið um hvernig þetta á	Skólastjóri i aðstoðar- skólastjóri	Haut 2017/ Vor 2020	Matsteymi metur stöðu í lok hvers skólaárs og gerir tillögur um áframhaldandi úrbætur	Vinna ekki hafin en umræða farin af stað.	Stórt samþættingarverkefni á ungingastigi sett af stað það sem nemendur fengu hæfniviðmið sem þeir áttu að vinna í að ná, réðu að mestu annarri útfærslu. Önnur smærri verkefni unnin á miðstigi.	Vinum enn að þessu. Markviss vinna hafin í 7. árgangi. Áhugasviðsverk-efni gefa nemendum tækifæri til þessa og einnig leyfa kennarar nemendum á ungingastigi í sumum verkefnum að velja sér hæfniviðmið til að vinna með og nemendur ráða útfærslum. Vinna heldur áfram.	Síaukin áhersla á samþættingu námsgreina þar sem nemendum gefst færi á að hafa áhrif og velja viðfangsefni út frá áhuga. Þá er síaukið val um útfærslur verkefna. Áfram unnið með áhugasviðsverkefni. Þemaverkefni i á öllum aldursstigum eru unnin árlega.	Heimasíða með þemaverkefnum er komin á heimasíðu skólans. Lifandi vefur með verkefnum hvers skólaárs. Verkefnamiðað þemanám er orðið hryggjarstykki námsins í 7.-10. árgangi. Áfram unnið með áhugasviðsverkefni. Markvisst unnið að innra mati með því að leggja viðhorfsskannanir til nemenda, starfsfólks og foreldra. Aukið val á miðstigi. Tvær þemavikur þvert á skólann á hverju skólaári. Þessi vinna

	að vera og kennarar finna leiðir til að ná þeim viðmiðum.							Þessi vinna er í sífelldri þróun og lýkur aldrei.	er í sífelldri þróun og lýkur aldrei.
	Hafa reglulega nemendasamtöl á milli umsjónarkennara og nemenda á öllum stigum. Hefur verið sett inn í starfsáætlun. Kennarar fá fræðslu og hefja samtöl haust 2017	Aðstoðarskólastjóri	Sept 2017 / Lýkur ekki	Metið af matsteymi í lok hvers skólaárs. Skólastjórnendur meta í vettvangsathugunum og starfsþróunarsamtölum.	Nemendasm-töl hófust á haustönn 2017. Þarf að fylgja betur eftir að þetta verði sjálfsagður þáttur í skólastarfinu.	Nemendasamtöl hófust á haustönn 2017. Í könnun vor 2019 kemur fram að 14% svarenda hafa hitt nemendur í markvissu nemendasamtali einu sinni á önn. 49% svarenda hafa haldið nemendaviðtöl við nokkra nemendur af og til.	Ætlast til þess að allir kennarar taki a.m.k. eitt formlegt nemendasamtal á önn. Tókst á haustönn. Riðlaðist aðeins á vorönn vegna skerts skólastarfs. Er daglegur þáttur skólastarfs	Kennarar taka nemendasm-töl amk 2 á vetri. Oftar ef það er metið svo. Er daglegur þáttur skólastarfsins.	Er orðinn daglegur þáttur skólastarfsins. Lokið.
	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og náms í heild sinni. Sett verður fram áætlun í innræmi til að meta hvernig þetta er gert nú og hvernig má bæta úr. Sett verða	Skólastjóri i aðstoðarskólastjóri	Haust 2017/ Vor 2020	Metið í heimsóknum stjórnenda í kennslustofur og með endurgjöf stjórnenda til kennara.	Ekki hafið nema með fræðslu.	Er enn á umræðustigi. Skoðað í könnun vorið 2019. Töluverður hópur kennara telur sig vera að gera þetta eða 46,3% svarenda könnunar. Verður haldið	Var sett á oddinn í starfsþróunar- og matsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020. Fylgt eftir með umræðu og samtali í starfsþróunarsamtölum. Vinnu haldið áfram –	Vinnu haldið áfram-daglegur þáttur skólastarfsins	Er orðinn daglegur þáttur skólastarfsins. Lokið.

	upp viðmið um hvernig þetta á að vera og kennarar finna leiðir til að ná þeim viðmiðum. Þetta tengist vinnu með leiðsagnarmat og þarf að vera inni í símenntunaráætlun á hverjum tíma					áfram að leggja áherslu á þetta næsta skólaár.	daglegur þáttur skólastarfs.		
	Auka mætti áherslu á heildstæð og samþætt verkefni. Sett verður fram áætlun í innra mati til að meta hvernig þetta er gert nú og hvernig má bæta úr. Sett verða upp viðmið um hvernig þetta á að vera og kennarar finna leiðir til að ná þeim viðmiðum. Byrja á verkefni í hverjum árgangi. Þemavikur nýttar í þessu skyni en búið er að setja	Skólastjóri i aðstoðar- skólastjóri	Vor 2018 / Vor 2019	Metið af matsteymi skólans í lok hvers skólaárs.	Kennsluráðgjafi verður ráðinn skólaárið 2018-2019 m.a. til að sinna þessu.	Samþætt verkefni unnið á þemadögum í öllum árgöngum um heims-markmið Sameinuðu þjóðanna. Stórt samþætt verkefni á unglingastigi um samkennd unnið á vegum kennsluráðgjafar. Nokkuð um smærri samþætt verkefni bæði á yngsta og miðstigi.	Töluverð samþætting er í öllum árgöngum. 7. bekkur í þróunarverkefni um verkefnamiðað nám þar sem mikil samþætting námsgreina er í gangi. Unnið hefur verið með samþættingu nokkur greina á unglingastigi einnig og á yngstu stigunum eru mörg samþætt	Samþætting námsgreina er síaukinn þáttur skólastarfsins á öllum aldurstigum . 7. og 8.árgangur í þróunarverkefni um verkefnamiðað nám. 9.og 10.árgangur í þremur samliggjandi kennslustundum á viku þar sem allar námsgreinar eru samþættaðar og áhersla	Heimasíða með þemaverkefnum er komin á heimasíðu skólans. Lífandi vefur með verkefnum hvers skólaárs. Samþætt verkefni verður áfram hluti af skólastarfinu og er verkefni sem er í sífældri þróun. Lýkur aldrei.

	þemastarf inn á skóladagatal 2017-2018						verkefni í gangi. Heldur áfram í þróun.	lögð á þátt list- og verkgreina í þeirri vinnu. Mörg samþætt verkefni í gangi í öllum árgöngum.	
	Efla þátt gagnrýnnar hugsunar, umræðna og skoðanaskipta í námi nemenda. Bekkjarfundir teknir upp í öllum bekkjum frá haustönn 2017 og þeir nýttir m.a. í þessu skyni.	Skólastjóri i aðstoðar- skólastjóri ar	Okt 2017/ Vor 2019	Matsteymi metur vorið 2019 m.a. með hliðsjón af niðurstöðum viðeigandi spurninga í nemendakönnun Skólapúlsins	Bekkjarfundir voru haldnir í flestum árgöngum. Þarf meiri vinnu til að þeir verði sjálfsagður hluti skólastarfsins. Spurning sem snertir þennan þátt verður sett inn í Skólapúlsinn skólaárið 2018-2019.	Haldið áfram með bekkjarfundi. Kom fram í könnun vorið 2019 að 20,6% svarenda hafa haldið bekkjarfundi u.þ.b. mánaðlega og 22% hafa haldið bekkjarfundi a.m.k. vikulega.	Bekkjarfundir haldnir reglulega. Getum bætt okkur enn betur þarna.Höldum áfram að þróa okkur. Heldur áfram í þróun.	Bekkjarfundum framhaldið. Hugmyndaráð þar sem tveir fulltrúar frá hverjum umsjónar-keppnara fundasaman ásamt fulltrúa stjórnenda. Fjórir mismunandi hópar í gangi, 1.-2.árg, 3.-4.árg, 5.-7.árg, 8.-10.árg.	Námskeið um bekkjarfundi fyrir alla kennara í nóvember 2022 til að efla þann þátt skólastarfsins. Hugmyndaráð áfram starfandi og er orðinn hluti af skólastarfinu jafnt sem bekkjarfundir. Lokið.
	Gæta þess að nemendur missi ekki námstíma þegar farið er á milli í íþróttir og sund.	. Skólastjóri i	Sept 2017/ Sept 2017	Metið af skólaráði skólans þegar stundatöflur liggja fyrir að	Nemendur misstu ekki námstíma skólaárið 2017-2018. Tekið tillit til	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið

	Tekið var tillit til þessarar athugasemdar við stundatöflugerð fyrir skólaárið 2017-2018			hausti ár hvert	þessa áfram við stundatöflu-gerð. Lokið.				
